

Minnisblað

Til: Samgöngunefndar Alþingis og samgönguráðuneytis
Frá: Siglingastofnun *A.G.*
Dags: 3. mars 2003
Varðar: Tillögu að Samgönguáætlun 2003 – 2006, breytingar

Á fundi sem fulltrúar Siglingastofnunar áttu með samgöngunefnd þ. 25.02.2003 var til umræðu tillaga að samgönguáætlun og þá einkum framlög til hafnagerða og sjóvarna. Nokkuð var rætt um óskir sem komið hafa fram um að flýta verkefnum frá því sem segir í tillögunni og jafnframt óskir um aðrar breytingar. Í lok fundarins óskaði formaður samgöngunefndar eftir því að Siglingastofnun tæki saman minnisblað um þessar óskir og hugmyndir.

Hafnaáætlun

Siglingastofnun hafa borist óskir um eftirtaldar breytingar. Beiðnir hafa ýmist komið fram í skriflegu erindi eða í viðræðum við heimaaðila.

1. Flýting. Brimvarnargarðar sem deilast á árin 2003 og 2004 í samgönguáætlun

Af tæknilegum ástæðum er erfitt að skipta framkvæmdum á tvö ár og því er óskað eftir heimild til að ljúka verkefnum árið 2003.

Sv.félag	Verkefni	Áætlun 2003		Áætlun 2004	
		Heildarkr./	ríkishl	Heildarkr./	ríkishl
Vopnafjörður	Brimvarnargarður, milli Miðhólma og Skiphólma (130.000 m ³)	144,0 m.kr./	108,0 m.kr.	21,0 m.kr./	15,8 m.kr.
Þorlákshöfn	Svartaskersgarður, nýr skjólgarður norðanvið (154.000 m ³)	137,5 m.kr./	103,1 m.kr.	41,5 m.kr./	31,1 m.kr.
Reykjanesbær	Grjótgarður Njarðvík styrktur og lengdur um 60 m (57.000 m ³)	60,0 m.kr./	45,0 m.kr.	20,0 m.kr./	15,0 m.kr.

Ef takast á að ljúka þessum framkvæmdum í ár þyrfti að fá heimild til að flytja fjárveitingar úr verkefnum hjá þeim sveitarfélögum sem kjósa að fresta framkvæmdum. Þetta yrði væntanlega að gera með fjárákalogum 2003. Fjárveitingum yrði síðan skilað til baka á fjárlögum 2004.

2. Flýting, ýmis verkefni sem átti að vinna að hluta eða öllu leyti 2004 eða síðar

Á eftirtöldum stöðum eru hugmyndir um að vinna hraðar og taka fyrir fleiri áfanga en gert er ráð fyrir í áætlun árið 2003. Telja heimamenn brýnt og/ eða hagkvæmt að hraða verkefnum.

Akureyri:

Verkið “Sverrisbryggja rifin, ný bryggja fyrir fódurskip (30 m)” er á áætlun 2005 (kostnaður 29/ ríkishl. 17,4 m.kr.). Heimamenn vilja flýta þessu verki, vinna það 2003. Með breyttri hönnun er ráðgert að það verði ódýrara (kostnaður um 23/ ríkishl. 14 m.kr.).

Grímsey:

Verkið “Endurbýgging fremsta hluta hafnargarðs, þekja (300 m²) og skvettmúr (50 m)” er á áætlun 2003 (kostnaður 13,6/ ríkishl. 8,2 m.kr.), en verkið “Endurbýgging á kervegg við fremri hluta Aðalhafnargarðs (25 m)” (kostnaður 11,5/ ríkishl. 6,9 m.kr.) er á áætlun 2004. Heimamenn telja hagkvæmt að flýta verki sem vinna átti 2004 og vinna hvorutveggja í einum áfanga á árinu 2003.

Hornafjörður:

Verkið “Grynnslin, stofndýpkun/ viðhaldsdýpkun ('03/30.000, '04/110.000, '05-'06/90.000 m³)” er á áætlun árin 2003, 2004, 2005 og 2006 (kostnaður árið 2003 15/ ríkishl. 11 m.kr., árið 2004 53/ ríkishl. 40 m.kr.). Af hálfu heimamanna eru óskir um að færa á milli ára, hluti af dýpkun sem áætluð er 2004 yrði unnin 2003. Tillaga er um að skipting verksins yrði “Grynnslin, stofndýpkun/ viðhaldsdýpkun ('03/50.000, '04/90.000, '05-'06/90.000 m³)” (kostnaður árið 2003 25/ ríkishl. 19 m.kr. árið 2004 43/ ríkishl. 32 m.kr.).

Vestmannaeyjar:

Verkið “Dýpkun, Pyttur og snúningssvæði 210 m í 8 m, innsigling í 8,5 m (spr./grafíð/ dælt 135.000 m³)” er á áætlun árin 2003 – 2004 (kostnaður árið 2003 129/ ríkishl. 97 m.kr. árið 2004 54/ ríkishl. 41 m.kr.) Ósk um að bjóða verkið út í einu lagi. Mögulegt að stærri hluti yrði unnin árið 2003 en áætlun gerir ráð fyrir.

Ef flýta á framangreindum verkum þá yrði að leysa það með sama hætti og lagt er til í lið 1.

Grindavík:

Verkið “Dýpkun hafnar við Svíragarð (6.200 m²), Miðgarð og víðar (áætlað 100.000 m³)” er á áætlun 2004 (80 m.kr), 2005 (104 m.kr) og 2006 (80 m.kr). Óskir eru um að hraða verkinu, hefja undirbúning á þessu ári og bjóða út á næsta ári m.v. að þá verði unninn stærri áfangi. Hér er ekki verið að tala um framkvæmdir í ár og því væntanlega nægjanlegt að taka afstöðu til málsins við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2004.

3. Ný verk sem ekki eru á áætlun eða stækkun verkefna sem eru á áætlun

Bolungarvík

Verkið “Dýpkun hafnar og innsiglingar (55.000 m³)” er á áætlun 2003 (kostnaður 59 m.kr. / ríkishl. 44 m.kr.) Heimamenn hafa rætt við SÍ um stækkun sem felur í sér um 44% magnaukningu. Verkið yrði samkvæmt því “Dýpkun hafnar og innsiglingar (77.300 m³)” (kostnaður 83 / ríkishl. 62 m.kr.) Hugsanlegt er að fresta á móti Grundargarð sem er á áætlun árið 2004 (28 m.kr./ ríkishl. 21 m.kr)

Akureyri:

Þar eru óskir um að taka inn nýtt verk sem ekki er á áætlun “Uppsátur fyrir smábáta á Akureyri og á Grenivík” (kostnaður áætlaður 3 m.kr. á hvorum stað eða 6 m.kr. alls, ríkishl. 3,6 m.kr.)

Einnig er ósk um að hraða framkvæmdum við verkið “Togarabryggja við ÚA, endurbýgging 1. áf (alls ca. 150 m, dýpi 8 m)” sem er á áætlun 2006 (kostnaður 50/ ríkishl. 30 m.kr.). Auk þess að flýta verkinu vilja heimamenn stækka áfangann. Ástæðan er áform um að byggja

frystigeymslu við Togarabryggju en ljúka þarf endurbýggingu bryggjunnar áður en hafist verður handa við það verk.

Djúpivogur:

Þar er komið í ljós að kostnaður við stálþil Gleðivík var vanmetinn í bráðabirgðauppgjöri sem lagt var til grundvallar áætlun. Í stað þess að í árslok 2002 verði ónotuð fjárveiting 0,3 m.kr. vantar 2,0 m.kr. til að gera upp ríkisluta í framkvæmdum. Mismunur því 2,3 m.kr. sem fjárveiting til Djúpavogs þyrfti að hækka.

Ef verða á við óskum, sem greint er frá hér að framan, þarf að breyta samgönguáætlun, skilgreina verk upp á nýtt og breyta viðeigandi töflum í kafla 3. Má í því sambandi vísa til nefndarálits samgöngunefndar Alþingis frá 9. maí 1997 um hafnaáætlun 1997-2000 en álitid var unnið í samráði við Ríkisendurskoðun. Þar segir m.a.: *“Varðandi þá spurningu hvort samgönguráðuneyti og Siglingastofnun sé heimilt að leyfa að hefja framkvæmd sem ekki er inni á samþykkttri hafnaáætlun verður að telja slíkt óeðlilegt í ljósi hugsunar að baki hafnaáætlunar og raun hafnalaga. Alþingi gegnir lykilhlutverki í þessu efni og ef framkvæmd er hvorki á hafnaáætlun né á fjárlögum getur hvorki samgönguráðuneyti né Siglingastofnun tekið skuldbindandi ákvarðanir fyrir ríkissjóð.”*

Reykjanesbær:

Þar ræðst á næstu vikum hvort verður af byggingu stálþípuverksmiðju í Helguvík. Ef þau áform verða að veruleika telja heimamenn nauðsyn á að lengja viðlegukantinn þar um 80 m og dýpka jafnframt. Kostnaður við lengingu er metinn um 104 m.kr. (ríkishl. 62,4) og dýpkun 60 m.kr. (ríkishl. 45). Væntanlega er eðlilegast að taka þessa ósk fyrir við afgreiðslu fjáráukalaga 2003 í haust, en þá mun að öllum líkindum liggja fyrir niðurstaða um hvort og þá hvenær verður af byggingu stálþípuverksmiðju.

4. Staðir þar sem heimamenn vilja fresta/ draga úr framkvæmdum

Fyrir liggur bréf frá Sandgerðisbæ þar sem lýst er yfir að framkvæmdum, sem áætlaðar voru 2003, verði frestað til 2004. Aðal ástæður eru erfið fjárhagsstaða hafnarinnar og að umferð um höfnina hefur minnkað. Í Sandgerði er til ónotuð fjárveiting frá fyrri árum um 29 m.kr.

Siglingastofnun er ennfremur kunnugt um að á nokkrum stöðum eru heimamenn að hugleiða að fara hægar í sakirnar en áætlunin 2003 – 2006 gerir ráð fyrir. Megin ástæða fyrir þeim ráðstöfunum er að viðkomandi hafnarsjóðir eru í fjárþröng og treysta sér ekki til að fjármagna heimahluta í framkvæmdum jafnvel þó framkvæmdir séu brýnar.

Sjóvarnaáætlun

Siglingastofnun er kunnugt um eftirtaldar óskir um breytingar.

Árneshreppur:

Þar er gert ráð fyrir að vinna í sjóvörn við Gjögur árið 2006 fyrir 2,4 m.kr. (hlutur ríkissjóðs 2,1 m.kr.) Borist hefur erindi frá oddvita hreppsins þar sem hann fer fram á flýtingu, verkið verði unnið strax á þessu ári.

Beiðni um flýtingu er rökstudd með því að í ár er fjárveiting til að dýpka við bryggjuna á Norðurfirði og sömu tæki þarf í þá framkvæmd og notuð yrðu við sjóvörnina. Flytja þarf

tækin langt að með ærnum tilkostnaði. Hagkvæmt er því að vinna dýpkun og sjóvörn samtímis og spara í flutningskostnaði.

Vatnsleysustrandarhreppur:

Samkvæmt þingsályktunartillögum er áætlað að vinna í sjóvörn við Auðnar árið 2004 fyrir 2,9 m.kr. (hlutur ríkissjóðs 2,5 m.kr).

Landeigandi hefur óskað eftir flýtingu á þessari framkvæmd, telur að mannvirki sem standa mjög nálægt sjávarbakka séu í hættu. Þetta erindi kom fram á fundi með samgöngunefnd.

Reykjanesbær:

Þar er samkvæmt þingsályktunartillögum áætlað að vinna í sjóvörnum Njarðvík við Bakkastíg árið 2004 fyrir 11,9 m.kr og Keflavík við Ægisgötu árið 2005 fyrir 11,9 m.kr.

Fyrir liggur erindi frá Reykjanesbæ þar sem óskað er eftir að sjóvarnir verði unnar á þessu ári. Heimamenn buðu út um síðustu áramót framkvæmdir við lóð stálpípuverksmiðju en við þá vinnu fellur til mikið af efni sem nýtanlegt er í sjóvörn. Tilboð frá verktaka fela í sér að hægt yrði að ljúka bæði sjóvörn við Bakkastíg og Ægisgötu fyrir um 16 m.kr. eða rúmlega 7 m.kr. lægri upphæði en áætlun gerði ráð fyrir.

Samkvæmt úttekt SÍ er æskilegt að byggja sjóvarnargarða á þremur stöðum til viðbótar (framkvæmdir í C fl.). Það er við Skipaafgreiðslu Suðurnesja í Ytri Njarðvík, Seylubakka í Innri Njarðvík og Kópu í Innri Njarðvík. Samkvæmt tilboðinu yrði kostnaður við sjóvarnir á þessum stöðum um 6 m.kr. Breyta þarf samgönguáætlun til að fá þessar viðbótarframkvæmdir samþykktar styrkhæfar. Með umræddum viðbótum er um að ræða sjóvarnargarða í Reykjanesbæ fyrir 22,0 m.kr (hlutur ríkissjóðs 19,3 m.kr).

Hlutur ríkissjóðs í þessum framkvæmdum við sjóvarnir, sem umrædd þrjú sveitarfélög óska eftir að flýta til ársins 2003, er um 24,0 m.kr. Hugsanlega mætti fara þá leið að “fá lánaða” fjárveitingu frá t.d. hafnargerðinni í Sandgerði, sem ekki verður nýtt í ár. Það yrði þá gert á fjárukalögum 2003. Fjárveitingum yrði síðan skilað til baka til Sandgerðis þegar kemur að framlagi til umræddra sjóvarnarverkefna á samgönguáætlun.

Einnig er í erindi Reykjanesbæjar óskað eftir ríkisstyrk til að byggja sjóvarnargarð í Njarðvíkum við Fitjar, við Bakkaveg í Keflavíkurhöfn, frá Skipasmíðastöð Njarðvíkur að Fitjabraut og sunnan Seylubakka að klöpp Narfakoti. Samtals eru þessar framkvæmdir á um 43 m.kr. Samkvæmt forgangsöröðun SÍ í sjóvarnaskýrslu okt. 2002 eru þessar framkvæmdir ekki taldar brýnar, ná ekki í áhættuflokk C.